

Framlag ríkisins til rekstur Þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga árið 2014.

Á heimasíðu Fjársýslu ríkisins – sjá: [fjársýsla ríkisins](#) - má finna uppgjör á sóknargjöldum fyrir árið 2014. Þessi gjöld eru greidd af ríkissjóði 15. hvers mánaðar til Þjóðkirkjusafnaða (191.455 einstaklingar eldri en 16 ára tilheyra), og trúfélaga utan Þjóðkirkjusafnaða (32.470 einstaklingar eldri en 16 ára tilheyra).

Innanríkisráðuneytið ákvarðar fjárhæð sóknargjalds - var á sl. ári 750 kr. á mánuði fyrir einstaklinga 16 ára og eldri sem tilheyra viðkomandi söfnuði 1. desember árið á undan. Af greiðslum til Þjóðkirkjusafnaða er 5% greitt til héraðssjóðs. Til viðbótar við bein sóknargjöld greiðir ríkið einnig inni Jöfnunarsjóð Þjóðkirkjusókna – 18,5%, og í Kirkjumálasjóð 14,3%, af heildar fjárhæð sóknargjalda Þjóðkirkjusafnaða.

Taflan að neðan sýnir skiptingu beinna sóknargjalda á söfnuði innan Þjóðkirkjunnar og hvað söfnuðir utan hennar samtals.

Greiðsla á sóknargjöldum er ákvörðuð skv. 2. gr. laga. nr. 91/1987 með síðari breytingum um sóknargjöld. Samkvæmt þeim greiðir ríkið hverjum trúsfönuði sóknargjald af almennum skatttekjum sínum.

Þjóðkirkjusókn	Fjöldi: >16 ára	Fjárveiting þús.kr.	Hlutfall
Vestur-Reykjavíkurprófastsdæmi	37.021	333.189	19,3%
Austur-Reykjavíkurprófastsdæmi	50.495	454.455	26,4%
Kjalarnesprófastsdæmi	40.462	364.158	21,1%
Vesturlandsprófastsdæmi	10.007	90.063	5,2%
Vestfirðarprófastsdæmi	4.540	40.860	2,4%
Húnavatns- og Skagafj.prof.dæmi	5.150	46.350	2,7%
Eyjarfjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi	19.840	178.560	10,4%
Austurlandsprófastsdæmi	6.846	61.614	3,6%
Suðurprófastsdæmi	17.094	153.846	8,9%
Þjóðkirkjusöfnuðir alls	191.455	1.723.095	85,5%
Utan Þjóðkirkjusafnaða	32.470	292.230	14,5%
Heild bein sóknargjöld	223.925	2.015.325	
Jöfnunarsjóður Þjóðkirkjusókna	18,5%	318.773	
Kirkjumálasjóður Þjóðkirkjusafnaða	14,3%	246.403	
Sóknargjöld ársins -		2.580.500	

Taflan hér til hliðar sýnir skiptingu greiðslna eftir prófastsdæmum. 85,5% fer til Þjóðkirkjusafnaða.

Á árinu 2014 var einnig greitt úr ríkissjóði sem **eingreiðsla**, aukaframlag, til Þjóðkirkjusafnaða kr. 100 milljónir og kr. 17,5 milljón til annarra trúfélaga sem jöfnun á mismun sóknargjalda og fjárveitinga til stofnana innanríkisráðuneytisins á árunum 2008-2011. sjá: [Fjármál Þjóðkirkjunnar](#)

Að auki greiðir ríkið Þjóðkirkjunni beint, skv. fjárlagafrumvarpi ársins 2014, krónu 1.475 milljónir og í Kristnisjóð um krónur 73 milljónir. **Samtals eru greiðslur ríkisins til trúsfafnaða, héraðssjóða og Þjóðkirkjunnar um 4,1 milljarður króna.**

Sóknir	Fj. Sóknar- barna	Sóknargj.	Skipting
Selfosssókn	4.294	38.646	25,1%
Ofanleitissókn	2.934	26.406	17,2%
Hveragerðissókn	1.454	13.086	8,5%
Hafnarsókn	1.141	10.269	6,7%
Þorlákskirkja	900	8.100	5,3%
Oddasókn	587	5.283	3,4%
Stórolfshvolssókn	550	4.950	3,2%
Stokkseyrarsókn	410	3.690	2,4%
Hrunasókn	371	3.339	2,2%
Eyrbakkasókn	329	2.961	1,9%
Aðrar sóknir	4.124	37.116	24,1%
Heild Suðurprófastsdæmi	17.094	153.846	

Skipting sóknargjalda 2014 meðal tíu stærstu safnaða innan Suðurprófastsembættis í þúsundum króna.

Ýmsar tölur úr fjárlagafrumvarpi 2015 -	Milljónir króna
Beinar greiðslur til bænda í grænmetisrækt	275
Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	278
Framlög til kynninga-, rannsóknar-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt	35
Tækniþróunarsjóður	1.373
Nýsköpunarmiðstöð Íslands - eftir sértekjur	538
Ferðamálastofa	341
Matvælastofnun	1.413
Fiskistofa	861
Flutningsjöfnunarsjóður	175
Rekstur sendiráða	2.857

Til samanburðar eru hér ýmsar liðir úr fjárlagafrumvarpi þessar árs. sjá: [Úrvinnsla Datamarket](#)

Samkvæmt nýgerðum samningi milli ríkis og SASS fara 102,6 milljónir króna til atvinnuþróunar-, nýsköpunar- og menningarmála undir nafni Sóknaráætlunar Suðurlands árið 2015.